

Ed.

659. Lög

um útflutningsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 19. mai).

1. gr.

Af öllum íslenskum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, nema sild, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum, skal greiða í rikissjóð 1% gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar sjeu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

3. gr.

Nú sannar sendandi það, áður 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farm-skirteinis, að verð það, sem lögreglustjóri hefir sett á hinar útfluttu óseldu afurðir, er hærra en hann hefir selt þær, og er stjórnarráðinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

4. gr.

Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst fiskur, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sje utan landhelgi.

5. gr.

Gjaldið fellur, í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða, ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar sem skip leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í rikissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella rikissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922 og gilda að eins 1 ár.